

XII.

Jafnaðarsjóður norður- og austurumdæmisins árið 1880. 123

Tekjur.

Kr. A.

1. Eptirstöðvar við árslok 1879:

a. Fyrirfram borgað úr sjóðnum	605 kr.	74 a.		
b. Óborgað jafnaðarsjóðsgjald við árslok 1879	631 —	27 -		
c. Í peningum	1360 —	42 -	2597	43

2. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu 16 aurar á hundrað:

a. Í Húnavatnssýslu	869 kr.	4 a.		
b. - Skagafjarðarsýslu	740 —	" -		
c. - Eyjafjarðarsýslu	665 —	76 -		
d. - Þingeyjarsýslu	688 —	40 -		
e. - Norðurmúlasýslu	680 —	8 -		
f. - Suðurmúlasýslu	604 —	48 -	4247	76

3. Endurborgað útistandandi jafnaðarsjóðsgjald

631 kr. 27 a.

4. —"— fyrir birtingu 2 vogreka-auglýsinga	14 —	" -	645	27
Samtals			7490	46

Gjöld.

Kr. A.

1. Til dóms- og lögreglumála

20 "

2. Endurgjald kostnaðar við byggingu fangahúsa:

a. $\frac{1}{15}$ eða fimmta afborgun af skuld sjóðsins	2124 kr.	66 a.		
b. Ársvextir af 23,371,34	934 —	85 -	3059	51

3. Til bólusetninga

119 75

4. — sáttamála

3 50

5. Kostnaður við setningu verðlagsskránnar 1880—81

28 "

6. —"— við kennslu heyrnar- og málleysingja 1878 og 79

840 "

7. —"— til gjafsóknarmála

694 94

8. —"— við amtsráðið

102 "

9. Til menntunarmála

500 "

10. Til jafnaðar færast tekjugreinirnar 3. og 4.

645 27

11. Eptirstöðvar til næsta árs:

a. Fyrirfram borgað úr sjóðnum	157 kr.	75 a.		
b. Utistandandi jafnaðarsjóðsgjald	49 —	" -		
c. Í peningum	1270 —	74 -	1477	49

Samtals 7490 46

Skrifstofu norður- og austurumdæmisins 31. desbr. 1880.

Christiansson.

(Framh.).

— Brjef biskups til landshöfðingja um skýrslu um messugjörðir o. fl. — Til þess enn betur að geta haft eptirlit með kirkju- og altarisgöngu, sem kvartað er um að sje vanrækt í sumum hjeruðum landsins, skrifaði jeg 7. júní næstl. öllum próföstum og bað þá að uppáleggja sóknarprestum að senda hingað árlega skýrslu um, hverja helgidaga og

124 hvar þeir það ár hafi messað og hverja ekki og orsakið til þess sem og tölu fermdra 11. okt. í hverri sókn og hve margir á því ári hafi verið til altaris.

Til að koma meiri samhljóðun á þessar skýrslur hefi jeg búið til hjálagða skýrslu-fyrirmynd, og leyfi mér hér með virðingarfyllst að beiðast þess, að hún megi verða prentuð í stjórnartíðindunum bæði til hægri verka fyrir mig, og svo hún sem fyrst geti orðið almenningi kunnug.

Skýrslufyrirmynd.

Skýrsla

um

messugjörðir o. fl. í N. N. prestakalli frá 1. janúar til 31. desbr. 18...

Hverja helgidaga messað og hvar.	Hverja helgidaga ekki messað og hversvegna.	Tala fermdra.	Þar af hafa verið til altaris á árinu.
Nýársdag Lóni	Sunnudag eftir nýár. Örsökin	í Lónssókn 200	190
1. s. e. þrettánda Ási	3. s. eftir þrettánda. Örsökin	í Ásssókn 160	160
2. s. e. þrettánda Lóni			

Í þessum 2 fyrstu dálkum eiga allir helgir dagar á árinu að vera taldir.

Lóni 31. d. desbrmán. 18...

N. N.

sóknarprestur.

Að þetta sje rjett, vitnar hlutaðeigandi sóknarnefnd.

Nöfnin.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 11. septbr. var prestinum að Hofi í Álftafirði í Suðurmúlaprófastsdæmi sira Þórarni Erlindssyni veitt lausn frá embætti frá fardögum 1882 með eptirlaunum.

Hinn 15. s. m. var hjeraðslæknir Jónas Jónassen settur til þess eingöngu að þjóna landlæknis-embættinu og forstöðumannsembættinu við læknskólann (sbr. stjtið. B. bls. 76 þ. á.)

S. d. var læknskólakennari Tómas Hallgrímsson settur til að þjóna hjeraðslæknisembættinu í l. læknishjæði.

S. d. var cand. med. & chir. Guðni Guðmundsson settur til að vera kennari við læknskólann.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Stöð í Suðurmúlaprófastsdæmi. Metið 434 kr. 02 a. Auglýst 8. október 1881. Prestakall þetta fær samkvæmt lögum 27. febr. 1880. 1. gr. 14, árlega uppbót, að upphæð 500 kr.

Hof í Álftafirði í Suðurmúlaprófastsdæmi. Metið 1274 kr. 68 a. Auglýst 12. október 1881; verður veitt frá fardögum 1882. Sá, er brauð þetta fær, er skyldur til samkvæmt 6. gr laga 27. febr. 1880, að greiða uppgjafaprestinum árlega 74 kr. 68 a. og taka í því efni breytingum þeim, er af nýju brauðamati kynni að leiða eða nýrri endurskoðun matsins.